

Úttekt á Háskólanum á Akureyri

Í febrúar sl. fól [menntamálaráðuneytið IMG Ráðgjöf](#) að gera stofnanaúttekt á [Háskólanum á Akureyri](#). Sjónum var m.a. beint að því hvort háskólinn uppfyllti ákvæði laga og samnings um kennslu og rannsóknir. Áhersla var lögð á að kanna framboð á og eftirspurn eftir námi, samsetningu nemendahópsins, brautskráningu nemenda, aðdrif þeirra að loknu námi og menntun kennara við háskólann. Úttektinni var ætlað að greina styrk- og veikleika háskólans svo vinna megi að frekari framþróun hans.

Í skýrslunni [Háskólinn á Akureyri: stofnanaúttekt](#) kemur m.a. fram að Háskólinn á Akureyri hefur náð ágætum árangri á undanförunum árum. Helstu styrkleikar hans felast í þeim krafti sem einkennir starf háskólans, metnaði og samkeppnishugsun. Hann hefur vaxið mikið, námsframboð aukist verulega, nemendum fjölgað umtalsvert og fjölbreytni starfseminnar aukist. Rekstrarkostnaður á hvern nemanda er auk þess lágur í fjölmennustu deildunum.

Háskólinn er í fararbroddi fjarkennslu á háskólastigi. Á undanförunum árum hefur verið komið á samstarfi við mikinn fjölda innlendra og erlendra aðila um kennslu og rannsóknir sem hefur haft góð áhrif á þróun háskólans. Rannsóknastarf hefur eflst og rannsóknavirkni kennara fer vaxandi.

Gott jafnvægi er í aldurs- og samsetningu starfsfólks og hlutfall doktorsmenntaðra kennara er fremur hátt. Í háskólanum er góður starfsandi og núverandi og brautskráðir nemendur eru almennt ánægðir með reynslu sína af skólanum.

Í skýrslunni koma einnig fram ábendingar um þætti sem betur mega fara:

- Mikilvægt er að háskólinn nálgist vinnu við stefnumótun á markvissari hátt með aðkomu og beinni þátttöku mikilvægustu hagsmunaaðila
- Brýnt er að hraða vinnu við framtíðarsýn háskólans um þróun og nýsköpun, stærð

námsframboð og samkeppnisstöðu

- Auka áherslu á gæðamál háskólans - móta gæðastefnu, innleiða heildstætt gæðakerfi og huga að stjórnun og samhæfingu í gæðastarfi deilda
- Hugsa þarf að því hvort skynsamlegt sé að fækka erlendum samstarfsskólum og ná fram dýpri samvinnu
- Á tímabilinu 2000-2004 var brottfall nemenda um 34%

Í samræmi við [reglur nr. 666/2003 um gæðaeftirlit með háskólakennslu](#) skal Háskólinn á Akureyri senda ráðuneytinu og birta opinberlega, fyrir 1. febrúar 2006, greinargerð um hvernig háskólinn hyggst bregðast við þeim ábendingum sem fram koma í skýrslu úttektaraðila. Innan tveggja ára þaðan í frá skal menntamálaráðuneyti ganga úr skugga um hvort og hvernig brugðist hefur verið við niðurstöðum matsins.

Fjölmenni við opnun menningarkynningar

Hátt í tvö þúsund manns voru viðstaddir þegar menningarkynningin „Islandsbilder“ eða Íslandsmyndir var opnuð í safninu [Museum für Angewandte Kunst](#) í Köln í Þýskalandi síðastliðinn föstudag. Það var [utanríkisráðherra](#), Geir H. Haarde, sem setti hátíðina ásamt Josef Müller [borgarstjóra Kölnar](#) og Michael Breuer [ráðherra í ríkisstjórn Nordrhein-Westfalen](#).

Meðal listviðburða í tengslum við menningarkynninguna má nefna sýninguna Norðurljós - míta og melankólía, eða „Nordlicht - Mythos und Melancholie“ í C.A.T galleríinu (Cologne Artspace Temporary) en þar sýna fjórtán listamenn. Ljósmyndasýningu á verkum þriggja ljósmyndara, þeirra Ragnars Axelssonar eða RAX, Magnúsar Ólafssonar og Alfred Ehrhardt í húsnæði Alfred Erhardt-stofnunarinnar. Þá opnaði Finnþogi Pétursson innsetningu í Malakoffturninum svokallaða og kvikmyndahátíð var hleypt af stokkum með mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Niceland. Einnig verða m.a. sýndar myndir eftir þá Róbert Douglas og Dag Kára Pétursson auk heimildamynda. Þá hefur fjöldi íslenska popptónlistarmanna komið fram á nokkrum tónleikum í Stadtpark, m.a. Apparat, Stilluppsteypa,

Steintryggur, Ghostigital og Gus Gus.

Kynningin stendur fram í janúar en alls leggja um hundrað íslenskir listamenn land undir fót til að kynna verk sín í tengslum við Islandsbilder.

Frekari upplýsingar um menningarkynninguna og dagskrá hennar má nálgast á vef kynningarinnar [Islandsbilderfestival 2005](#).

Aukapung Frjálsíþróttasambands Evrópu

Aukapung [Frjálsíþróttasambands Evrópu](#) (EAA) var haldið í Reykjavík nú nýlega. Þingið var haldið samhliða Mótþingi EAA sem nú var haldið í annað sinn á Íslandi. Yfir 270 erlendir gestir sóttu þingin. Mótþingið var fyrst haldið hérlendis árið 1976 en þá voru fulltrúar mun færri því aðildarþjóðunum hefur fjölgað mikið síðan.

EAA er eitt sex svæðissambanda [Alþjóðafriðsambandsins](#) (IAAF). Evrópa er öflugasta svæðið sem sést glöggst á því að evrópskir frjálsíþróttamenn vinna til um helmings allra verðlauna á Ólympíuleikum og meirihluti tekna hreyfingarinnar kemur frá Evrópu.

Aukapungið samþykkti einum rómi ný lög fyrir EAA. Þeim er ætlað er að laga starfsemi sambandsins að því umhverfi

sem keppnisþróttir búa við nú á tímum. Lesa má ávarp ráðherra við þetta tækifæri á vef [menntamálaráðuneytis](#).

Þekkingarsetur á Austurlandi

Starfshópur [menntamálaráðherra](#) um þekkingarsetur á Austurlandi hefur sent frá sér skýrsluna [Þekkingarnet Austurlands: áætlun um stofnun og starfsemi](#). Þar er lagt til að stofnað verði Þekkingarnet á Austurlandi er byggt á grunni [Fræðslunets Austurlands](#) og hafi það hlutverk að efla og samhæfa háskólamenntun, símenntun og rannsóknir í landsfjórðungnum.

Þekkingarnetið taki mið af þeirri starfsemi sem nú er til staðar í þekkingarsetrum í Nýheimum á Höfn, Búlandi á Norðfirði og fyrirhuguðu setri að Vonarlandi á Egilsstöðum. Gert er ráð fyrir að setrin þrjú starfi sem sjálfstæðar einingar en þekkingarnetið hafi fyrst og fremst það hlutverk að styðja við starfsemi á þeirra vegum og einnig að vinna að þróun háskólamenntunar, símenntunar og rannsókna. Háskólamenntun verði á vegum viðurkenndra háskóla og rannsóknarverkefni unnin í samvinnu við háskóla, rannsóknarstofnanir og fyrirtæki á svæðinu

